

Richard Wagner félagið á Íslandi

- Richard Wagner Verband Island -

Vesturgata 36B - 101 Reykjavík - sími/fax: 5517292

Fréttabréf í mars 1999

Íslenski Niflungahringurinn í Norræna húsinu.

Næstkomandi laugardag, 13. mars, verður enn á ný myndbandssýning á vegum félagsins í Norræna húsinu og hefst hún kl. 13. 00. Nýr myndvarpi hefur nú verið tekinn í notkun í húsinu og verður það mjög til bóta.

Að þessu sinni verður sýnd upptaka Ríkissjónvarpsins af sýningu Listahátíðar 1994 á styttri gerð **Niflungahringins** í Þjóðleikhúsinu. Sýningin var meðal stærstu verkefna Listahátíðar frá upphafi og unnin í samvinnu við Þjóðleikhúsið, Íslensku óperuna og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hugmyndina að hinni stytta gerð Hringins átti Wolfgang Wagner og hafði hann einnig listræna yfirumsjón bæði með sjálfri styttingunni svo og öllum öðrum undirbúningi. Lögð var áhersla á að fá sem flesta íslenska listamenn að sýningunni og voru eingöngu hljómsveitarstjórinn, Alfred Walter, og þrír aðalsöngvararnir í hlutverkum Sigurðar Fáfnisbana, Brynhildar og Óðins sótt utan að. Leikstjórn var í höndum Þórhildar Þorleifsdóttur og sviðs- og búningahönnun annaðist Sigurjón Jóhannsson.

Það var grunnforsenda hjá Wolfgang Wagner að styttingin yrði "sýnileg", að brötum þeim sem valin væru yrði ekki skeytt saman þannig að úr yrði "nútt verk". Á milli brota skyldi koma sögumaður/menn, sem vörpuðu ljósi á það sem upp á vantaði í texta og fræmwindu. **Þorsteinn Gylfason** samdi þennan texta og fékk um það frjálsar hendur, hverjum hann legði textann í munn. Útkoman varð afar skemmtileg og átti stóran þátt í hve vel sýningin lukkaðist. Þorsteinn þýddi einnig allan textann, sem sunginn var og birtist hann í efnisskrá sýningarinnar en var einnig notaður sem skjátexti, bæði í Þjóðleikhúsinu sem og í sjónvarpssýningunni.

Á undan sýningunni nú á laugardag mun Þorsteinn halda stutt erindi um vinnu sína að verkefninu.

Aðgangur er að venju ókeypis og velkomið að taka með sér gesti.

Wagner og Völsungar.

Aðalfundur félagsins var haldinn 13. febrúar sl. Þar bar helst til tíðinda að greint var frá því að **Mál og menning** hafa fallist á að gefa út bók dr. Árna Björnssonar um bein og óbein áhrif íslenskra fornbókmennta á verk Richards Wagner, einkum Niflungahringinn. Bókin, sem í augnablikinu ber vinnuheitið **Wagner og Völsungar** mun væntanlega koma út nú í haust. Þessi tíðindi eru mikið fagnaðarefni.

Parsífal um páskana.

Sýning félagsins á Parsífal nú um páskana verður að þessu sinni ekki á föstudaginn langa, heldur laugardaginn fyrir páska, 3. apríl, í Norræna húsinu og hefst kl. 13. Að þessu sinni verður sýnd kvikmynd Hans-Jürgens Syberberg af Parsífal frá árinu 1982.

Bréfi þessu fylgir skýrsla formanns frá aðalfundi og [gíróseðill til greiðslu félagsgjalda](#). Vinsamlegast greiðið við fyrstu hentugleika.